

Úr verktakar ehf.
b.t. Framkvæmdastjóra
Síðumúla 12
108 Reykjavík

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 1.11.2017
Staðsetning skoðunar: Grensásvegur 12
Eftirlitsmaður: [REDACTED]
Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:
[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð skoðun á verkstað við Grensásveg 12 í Reykjavík. Laga skal þau atriði sem bent er á í skýrslunni, að öðrum kosti verður vinna stöðvuð.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið. Áður en tilgreindir tímafrestrir til úrbóta renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra til Vinnueftirlitsins.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Fyrirtækið skal taka eftirfarandi atriði sem athugasemdir eru gerðar við með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir eða endurskoða í fyrirliggjandi áhættumati, sé það til staðar. Það geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð/öryggisnefnd fyrirtækisins og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Veittur frestur:

15.11.2017

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggis og heilbrigðisáætlun vantar fyrir verkefnið.

Fyrirmæli:

Gera skal öryggis og heilbrigðisáætlun vegna verksins.

Veittur frestur:

15.11.2017

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 3 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki hefur verið skipaður öryggis - og samræmingaraðili fyrir verkefnið. Verkefni hefur ekki verið tilkynnt inn til VER skv. reglugerð.

Fyrirmæli:

Skipa skal öryggis og samræmingaraðila fyrir verkefnið og tilkynna það með réttu hætti til VER.

Veittur frestur:

15.11.2017

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 4 - Starfsmannarými**Lýsing & mat á aðstæðum:**

Kaffi og salernisaðstaða starfsmanna á verkstað er óviðunandi. Óþrif. Vantar hurð á salerni. Kaffistofa ófullnægjandi.

Fyrirmæli:

Lagfæra skal á fullnægjandi hátt salernis og kaffiaðstöðu starfsmanna á verkstað.

Veittur frestur:

1.11.2017

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 5 - Öryggi**Lýsing & mat á aðstæðum:**

Umferðaleiðir á vinnustað eru víða hættulegar. Handrið vantar og ófullnægjandi stigar.

Fyrirmæli:

Tryggja skal öryggi starfsmanna á umferðaleiðum á verkstað.

Veittur frestur:

1.11.2017

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999



Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnuettirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnuettirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.